

Nd.

440. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur haft frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði til meðferðar. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og kallað til sín ýmsa aðila, sem hafa gefið mikilvægar upplýsingar um fyrirhugaða verksmiðju. Þeir, sem komið hafa til viðræðna á fundum í nefndinni, eru eftir-

taldir menn: Frá Náttúruverndarráði Eysteinn Jónsson, Vilhjálmur Lúðvíksson, Hjörleifur Guttormsson og Eyþór Einarsson. Gáfu þeir mikilvægar upplýsingar um mengunarmál og skiluðu greinargerð, sem gerð verður grein fyrir á Alþingi í framsögu fyrir málinu. Einnig ræddi nefndin við samgönguráðherra, ráðuneytisstjóran í samgönguráðuneytinu og Gunnar Sigurðsson verkfræðing. Svöruðu þeir fyrirspurnum um væntanlegar hafnarframkvæmdir við Grundartanga í Hvalfirði. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldur Johnsen, og aðstoðarmaður hans, Eyjólfur Sæmundsson, gerðu grein fyrir afstöðu Heilbrigðiseftirlitsins til rekstrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Baldur og Eyjólfur hafa báðir ferðast til Bandaríkja N.-Ameríku og víðar til þess að kynna sér umbúnað og mengunarvarnir í verksmiðjum af sömu gerð og fyrirhugað er að byggja hér á landi. Iðnaðarnefnd hefur fengið greinargerð frá Heilbrigðiseftirlitinu, sem vitnað verður til í umræðum á Alþingi um málið.

Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson, kom til viðræðna við nefndina. Svaraði hann fyrirspurnum og veitti upplýsingar um þjóðhagslegt gildi verksmiðju af þeirri gerð, sem hér um ræðir. Nefndin fékk einnig á sinn fund fulltrúa frá Landsvirkjun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Gáfu þeir skýr og greinileg svör um orkumál við fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndin hefur stuðst við ýmis gögn, sem iðnaðarnefnd efri deildar barst meðan málið var til meðferðar í efri deild. Má m. a. nefna umsagnir frá mörgum félagsamtökum og öðrum aðilum, sem vitnað verður til, þegar málið kemur til umræðu í neðri deild Alþingis.

Um væntanlega verksmiðju hefur mikið verið rætt og ritað að undanfögnu. Virðast skoðanir manna vera nokkuð skiptar, eins og oft vill verða, þegar um mál er að ræða, sem ekki er fengin innlend reynsla fyrir. Ýmsir óttast mengun og óheilbrigði af völdum verksmiðjunnar og hafa snúist gegn málinu þess vegna. Vegna umræðna um mengunarhættu þykir rétt að birta hér kafla úr skýrslu Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 9. þ. m.:

„Varðandi fyrirhugaða kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði er það mat Náttúruverndarráðs, að hættan á skaðlegum áhrifum á lífríki vegna mengunar af hennar völdum, sé ekki veruleg, ef allar tiltækar varúðarráðstafanir eru gerðar, og minni en af öðrum málmblendiiðnaði, svo sem af framleiðslu mangan- og krómjárnblendis. Veldur því fyrst og fremst annað hráefni svo og annar tæknibúnaður til mengunarvarna. Þrátt fyrir áratuga reynslu af mikilli og hvímléðri rykmengun frá kísiljárnbræðslum í Noregi hafa að sögn unihverfisyrivalda þar, Statens forurensningstilsyn miljódepartamentet, ekki komið fram nein upplýsingar, sem benda til þess, að slík mengun hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf. Á hinn bóginn var það einnig upplýst, að það hafði ekki verið sérstaklega rannsakað, og að sjálfsögðu höfum við ekki reynslu af slíkri starfsemi hér á landi. Með þeim tæknibúnaði til rykhreinsunar, sem þróaður hefur verið á allra síðustu árum, hafa skapast möguleikar á stórfelldum úrbótum frá því sem áður var til varnar rykmengun út frá kísiljárnverksmiðjum og jafnframt verið unnt að bæta verulega innri starfsskilyrði á slíkum verksmiðjum.“

Iðnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndin hefur kynnt sér rækilega frumvarp um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði og önnur gögn, sem málið snertir. Að vel athuguðu máli mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í efri deild.

Alþingi, 11. apríl 1975.

Ingólfur Jónsson, Lárus Jónsson, Sverrir Bergmann.
form., frsm. fundaskr.
Bragi Sigurjónsson. Pétur Sigurðsson.